

Úlfjótswatn sf.

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstur, efnahagur og sjóðstreymi	4
Skýringar	5

Úlfjótswatn sf.
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík
kt. 711013-1720

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Úlfljótsvatns sf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Úlfljótsvatns sf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Umfang aðstoðar

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreikninginn er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Við faglega aðstoð okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 26. febrúar 2020

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 2,3 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 4,8 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Úlfjótswatns sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020

Stjórn:

Magnús Gunnarsson
Finnur Finnsson
Ólafur Jónsson
Bergþórunn Þórunn

Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur	Skýr.	2019	2018
Veiðikort		700.000	600.000
Leigutekjur fjarskiptamastur		674.510	0
Leigutekjur Sogið		613.556	0
Styrkir		200.000	0
Vaxtatekjur		82.022	48.034
		<u>2.270.088</u>	<u>648.034</u>
Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður		(18.038)	(40.957)
		<u>(18.038)</u>	<u>(40.957)</u>
Afkoma ársins		<u>2.252.050</u>	<u>607.077</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	2019	2018
Eignir		
Handbært fé	4.832.579	2.580.529
	<u>4.832.579</u>	<u>2.580.529</u>
Eignir samtals	<u>4.832.579</u>	<u>2.580.529</u>
Eigið fé		
Stofnfé	200.000	200.000
Óráðstafað eigið fé 1.1.	2.380.529	1.773.452
Afkoma ársins	2.252.050	607.077
	<u>4.832.579</u>	<u>2.580.529</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>4.832.579</u>	<u>2.580.529</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	2019	2018
Handbært fé frá rekstri:		
Innborgaðar tekjur	2.270.088	648.034
Innborgaðar tekjur samtals	<u>2.270.088</u>	<u>648.034</u>
Greiddur útlagður kostnaður	(18.038)	(40.957)
Greidd gjöld samtals	<u>(18.038)</u>	<u>(40.957)</u>
Breyting á handbæru fé	2.252.050	607.077
Handbært fé í ársbyrjun	2.580.529	1.973.452
Handbært fé í árslok	4.832.579	2.580.529

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.